

Alþingi
Erindi nr. Þ 131/1185
komudagur 5.4.2005



Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli

Skrifstofan Grænási - 235 Keflavíkurflugvöllur
sími: 420 1700 - bréfsími: 421 5166 - tölvupóstur: dc@dc.is

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Keflavíkurflugvöllur 4. apríl 2005
Tilvísun: 2005030029
Bréfalykill: 0.1

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi.

Meðfylgjandi er umsögn sýslumannsembættisins á Keflavíkurflugvelli varðandi breytingu á lögum nr. 16/2000 um Schengen upplýsingakerfið á Íslandi. Umsögn embættisins varðar eftirfarandi:

- Breytingu á 5 gr. c liðar um að felld verði niður skráning á fyrsta bókstaf annars eiginnafrns.
- Breytingu á 5 gr. nýr h-liður um að heimilt verði að skrá einstakling **sem er á flóttu**.
- Heimild til að skrá í endurkomubann aðila sem ferðast á stolnum eða týndum skilríkum annars aðila.

Breyting á c. lið 5 gr.

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að felldur verði úr lögunum c. liður 5 gr. laganna um heimild til þess að skrá fyrsta bókstaf annars eiginnafrns í persónuupplýsingar um aðila sem eru skráðir í SIS. Þetta er að mati embættisins ekki áhyggjuefni fyrir löggæslufirvöld þar sem þær upplýsingar sem notast er við byggjast fyrst og fremst á kenninafni og eiginnafrni, ásamt þjóðerni og fæðingardeggi, en ekki á millinöfnum. Með því að fella þessa heimild niður fæst frekari samræming í skráningu og minnkuð hættu á mistökum þegar afskipti eru höfð af einstaklingum sem smellir koma á samkvæmt ISIS upplýsingakerfinu.

Breyting á h. lið 5 gr.

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að heimilt verði að skrá í upplýsingakerfið aðila sem eru á flóttu. Þegar horft er til umræðna á hinu háa Alþingi virðist, í einstaka tilvikum, ákveðins misskilnings gæta hvað varðar þennan lið. Greinin fjallar einungis um auknar heimildir til

skráningar á aðilum sem eru á flóttu undan réttvísinni, en lýtur ekki að flóttamönnum samkvæmt skilgreiningu Flóttamannasamnings Sameinuðu Þjóðanna frá 1951 og viðauka hans frá 1967. Einstaka þingmenn hafa tengt þessa breytingu við Flóttamannasamning Sameinuðu Þjóðanna og talað um breytingarnar sem varhugaverðar vegna stöðu flóttamanna og lýst yfir áhyggjum af því að breytingarnar komi niður á flóttamönnum.

Því kynni að horfa til frekari skýringa ef í frumvarpinu væri að finna skilgreiningu á hugtakinu “á flóttu”.


Með reglugerð ESB nr. 871/2004, sem ofangreind breyting byggir á, er bætt við heimildum til þess að skrá upplýsingar um einstaklinga sem skráðir eru í SIS upplýsingakerfið. Það er mikilvægt fyrir löggæsluyfirvöld að hafa sem nákvæmastar upplýsingar í höndunum þegar afskipti eru höfð af þeim sem eru skráðir í upplýsingakerfið. Nákvæmar upplýsingar geta skipt sköpum við áhættumat og markvissari viðbrögð löggæslu gagnvart einstaklingum og þar með talin afskipti af einstaklingum sem eru á flóttu.

Breyting á b. lið 6 gr.

Skilja verður breytinguna sem svo að verið sé, annars vegar að auka heimildir til þess að skrá einstakling í endurkomubann sem uppvís er að því að framvísa skilríkjum annars aðila sem hafa verið tilkynnt týnd eða stolin og hins vegar að heimilt verði að setja í endurkomubann aðila sem selja skilríki ólöglega til þriðja aðila.

Embættið telur þessa breytingu til mikilla bóta því talsverð brögð eru að því að eigendur skilríkja láti vegabréf og kennivottorð til þriðja aðila gegn greiðslu og virðast yfirvöld vart hafa nein úrræði til þess að bregðast við því. Er þessi breyting því ákveðin viðbrögð við þessum vanda, þar sem ólögleg sala vegabréfa og kennivottorða er staðreynd sem bregðast verður við.

F.h.s.



Eyjólfur Kristjánsson ftr.